

Stjórnarfundur no 6, 2014/2015

Ár 2014 þriðjudaginn 4. nóvember komu undirritaðir stjórnarmenn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 18.30.

Formaður setti fundinn.

Dagskrá:

1. Orlofsmál.

Framboð orlofshúsa sumar 2015: Samþykkt að hafa sama framboð og s.l. sumar.

Verð á útleigu: Skrifstofunni falið að yfirfara verðskrána og gera hækkanir í samræmi við umræður á fundinum.

„Annað í boði“: Samþykkt að sleppa að bjóða upp á golfkort, en athuga með flugkort, úthluta 25 útilegukortum og 75 orlofsstyrkjum sama upphæð og í sumar.

Frestað að taka ákvörðun um niðurgreiðslu á gistingu.

Innbú á Illgastöðum: Samþykkt að endurnýja húsgögnin í bústöðum félagsins.

2. Svar frá Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Lífeyrissjóðnum hafði verið sent erindi um að sjóðurinn bjóði upp á nærþjónustu og húsnæði boðið fyrir starfsmann.

Sýndu þeir erindinu ekki mikinn áhuga.

3. VR skóli lífsins á Akureyri

FVSA ásamt Einingu-Iðju ætla að hafa námskeið 25. nóvember n.k. og 21. janúar 2015.

Þetta er námskeið fyrir 16-24 ára og ekki háð því að þau séu í stéttarfélagi.

Stjórnin samþykkti að veita fé í verkefnið.

4. Uppstillinganefnd v/2015

Samþykkt að Eydís Bjarnadóttir, Einar Hjartarson og Árni Þorvaldsson skipi nefndina.

5. Aðalfundur - Starfsdagur

Samþykkt að halda aðalfund félagsins mánudaginn 23. febrúar 2015.

Starfsdagur trúnaðarmanna verði 20. janúar 2015 og haldinn á Greifanum.

6. Leikhúsferð

Samþykkt að athuga með leikhúsferð að Melum 22. nóvember n.k. fyrir lífeyrisþega.

7. Jólstyrkur til líknarfélaga

Samþykkt að veita sameiginlegum hjálparsamtökum kr. 400.000.-

8. Önnur mál

Engin mál brunnu á fólki.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Eiður Stefánsson, Einar Hjartarson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson
Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.